

**Nd.**

**516. Nefndarálit**

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 30 2. apríl 1943, um breyt. á l. nr. 32 23. júní 1932, um brúargerðir.

Frá samgöngumálanefnd.

Nefndin hefur meðtekið umsögn vegamálastjóra um frv. og tillögur þær til breytinga á brúalögum, sem fram hafa komið á þessu þingi, og fylgir bréf hans prentað með þessu nál.

Með hliðsjón af þessu hefur nefndin eftir atvikum fallizt á að leggja til, að málið í heild verði að þessu sinni afgreitt með svofelldri

**RÖKSTUDDRI DAGSKRÁ:**

Í trausti þess, að ríkisstjórnin hlutist til um, að vegamálastjóri undirbúi fyrir næsta Alþingi þá breyting á gildandi brúalögum, sem sanngjarnt og nauðsynlegt telst, að teknu tilliti til breytingartillagna, er fram eru komnar eða fram kunna að koma á yfirstandandi þingi, — tekur deildin fyrir næsta mál á dagskrá.

Alþingi, 28. febr. 1946.

|                                  |                                |                     |
|----------------------------------|--------------------------------|---------------------|
| Gísli Sveinsson,<br>form., frsm. | Lúðvík Jósefsson,<br>fundaskr. | Ásg. Ásgeirsson.    |
| Sveinbjörn Högnason.             |                                | Sigurður Bjarnason. |

## Fylgiskjal.

### VEGAMÁLASTJÓRINN

Reykjavík, 5. febrúar 1946.

#### Brúalög, breytingartillögur.

Háttvirtar samgöngumálanefndir Alþingis hafa sent mér til umsagnar framkomin frumvörp um breytingar á brúalögum ásamt breytingartillögum.

Tillögur þessar allar eru um að bæta inn í 1. gr. brúalaga nýjum brúm, og eru í neðri deild um 12 brýr, en í efri deild um 7 brýr, sem hér greinir:

#### Í neðri deild.

| Dskj. |  |
|-------|--|
| 85    | 1. Múlaá í Ísafirði.                       |
| 91    | 2. Skaftá undan Heiði.                     |
| 99    | 3. Tjarnará á Vatnsnesi.                   |
| 109   | 4. Virkisá í Örafum.                       |
| 118   | 5. Litla Þverá hjá Högnastöðum.            |
| 132   | 6. Melsá hjá Mel í Hraunhreppi.            |
| 146   | 7. Tungufljót hjá Króki.                   |
| „     | 8. Litlu-Laxárós hjá Auðsholti.            |
| 150   | 9. Norðurá í Skagafirði framan við Egilsá. |
| 214   | 10. Gjádalsá í Lóni.                       |
| 246   | 11. Grímsá hjá Oddsstöðum.                 |
| „     | 12. Fitjaá í Skorradal.                    |

#### Í efri deild.

| Dskj. |                                |
|-------|--------------------------------|
| 104   | 13. Hvestuvaðall.              |
| 151   | 14. Hofsá í Svarfaðardal.      |
| „     | 15. Öxnadalsá hjá Þverá.       |
| „     | 16. Eyjafjarðará hjá Hólum.    |
| „     | 17. Torfafellsá í Eyjafirði.   |
| 177   | 18. Fagradalsá á Skarðsströnd. |
| „     | 19. Haukadalsá í Dölum.        |

Í núgildandi fjárlögum er veitt fé til byggingar brúnna á Skaftá, Tjarnará og Hofsá (nr. 2, 3 og 14). Er Hofsárbrú á Þjóðvegi, en önnur hinna á sýsluvegi og hin á hreppsvegi.

Auk Hofsárbrúar eru brýr á þessar ár á Þjóðvegum: Múlaá (1), Virkisá (4), Gjádalsá (10), Hvestuvaðall (13) og Fagradalsá (18). Verða þær því kostaðar að öllu af fé úr ríkissjóði, þegar fjárveiting liggur fyrir. Brýr á Gjádalsá, Hvestuvaðal og Skarðsá verða undir 10 m á lengd og teljast því til smábrúa, sem ekki verða nafngreindar í brúalögum. Hinar 2, á Múlaá og Virkisá, eiga að réttu lagi að standa í brúalögum, enda þótt fjárveitingar til þeirra geti komið án þess eða áður en þær komast í brúalög, sbr. fjárv. til Hofsárbrúar í ár.

Allar aðrar brýr, sem tillögur eru um, eru á sýslu- eða hreppsvegum. Með því að koma þeim inn í brúalög fá hlutaðeigendur það áunnið, að ríkissjóður kostar þær að öllu leyti, í stað þess að hlutaðeigandi héruð leggja fram  $\frac{1}{4}$ — $\frac{1}{3}$  hluta kostnaðar. Allar eru brýr þessar litlar og ekki kostnaðarsamar, nema helzt á Tungufljót, Norðurá og Grímsá. Brúarstæði á sumar þeirra hafa enn ekki verið mæld, og ég efast um, að rétt sé að brúa 2 þeirra þar, sem tilgreint er í tillögunum, Litlu-Laxárós, fyrir aðeins 1 bæ, og Grímsá hjá Oddsstöðum, heppilegra brúarstæði neðar.

Brú á Melsá mun væntanlega verða undir 10 m á lengd og fellur þá undir smábrýr, sem ekki eru nafngreindar.

Í 1. gr. A. II. brúalaganna eru nú taldar 15 brýr á öðrum vegum en þjóðvegum og allar nokkuð, en sumar mjög kostnaðarsamar, enda var svo til ætlað, að í þennan flokk væru aðeins teknar allkostnaðarsamar brýr, sem héruðunum væri um megn að kosta að nokkru leyti eða ekki sanngjarnt að krefjast þess. En vitanlega eru margar brýr á sýslu- og hreppavegum, sem jafnréttmætt væri að setja í þennan flokk eins og flestar þær, sem nú eru frammi tillögur um. Af þessum 15 brúm hefur ein verið byggð (Laxá í Mývatnssveit), og fjárveiting er fyrir hendi til annarrar (Jökulsá í Dal). Vantar því enn fjárveitingar til 13 þessara brúa.

Meðan svo er og þar sem enn er ekki ákveðið, hvort hagkvæmt eða rétt er að gera sumar brýrnar þar, sem tilgreint er í tillögunum, og loks þar sem með svipuðum rétti mætti bæta við ýmsum fleiri brúm á sýslu- og hreppsvegum, þá vil ég leyfa mér að leggja til, að engar breytingar verði gerðar á brúalögunum að þessu sinni. Mætti þá hafa tilbúna, er Alþingi kemur saman í haust, skýrslu um helztu óbrúaðar ár á sýslu- og hreppavegum, sem grundvöll fyrir ákvörðun um, hvort og hverjar brýr skuli teknar til viðbótar í þennan flokk brúalaganna, ef ástæða þykir að bæta við fleirum, meðan flestar árnar í þessum flokki eru enn óbrúaðar.

Virðingarfyllt

Geir G. Zoëga.

Til samgöngumálanefndar neðri deildar Alþingis.